

Fundagerð Brúar - 29. apríl 2009

Fimmti fundur Brúar, umræðuvettvangs um skólamál, var haldinn miðvikudaginn 29. apríl 2009, kl. 15:30- 17:30 í sal Laugarlækjarskóla. Yfirskrift fundarins var: Skil grunn- og framhaldsskóla í ljósi nýrra laga. Fundarstjóri var Fanný Gunnarsdóttir námsráðgjafi í Álftamýrarskóla, fundargerð ritaði Steinunn Ármannsdóttir.

Fundinn sóttu um það bil 100 manns.

Fundarstjóri bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn

- 1) Meyvant Þórólfsson, lektor við Háskóla Íslands flutti erindi: Námsmat við lok grunnskóla: Forspá um gengi í námi eða vottun um kunnáttu í námsgreinum
- 2) Amalía Björnsdóttir, dósent við Háskóla Íslands fjallaði í sínu erindi um námsáhuga nemenda en það er byggt á rannsóknum sem hún vinnur að ásamt Baldri Kristjánssyni sálfræðingi og Berki Hansen prófessor
- 3) Sölvi Sveinsson, verkefnastjóri í menntamálaráðuneytinu gerði grein fyrir nýjum lögum og reglum um lok grunnskóla og inngöngu í framhaldsskóla.
- 4) Milli fyrirlestra voru fyrirspurnir úr sal, líflegar umræður og ábendingar.
- 5) Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum áhugaverðan fund og fyrirlesurum fróðlegt og þarft innlegg. Minnt var á að glærur þeirra yrðu aðgengilegar á heimasíðu sviðanna, www.leikskolar.is og www.grunnskolar.is.

Fundi slitið kl. 18:00

